

Borgarráð

### **Viðauki við fjárhagsáætlun 2109**

#### 1. Viðauki vegna tónlistarskóla (SFS) (JS hluti mismunur 2015-2018)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 27.888 þkr. vegna frávik á framlagi Jöfnunarsjóðs vegna tónlistarskóla sem greidd eru til þeirra með tilfærslum af hálfu Reykjavíkurborgar vegna árunum 2015-2018. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	M3110	Tónlistarskólar	Til	27.888
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-27.888
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæði. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Mismunur er á greiðslum Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar og tilfærslu Reykjavíkurborgar til SFS vegna tónlistarskólanna á árunum 2015-2018. Við rýningu og samanburð á greiðslum frá Jöfnunarsjóði til Reykjavíkurborgar vegna náms á mið og efsta stigi í söng og hljóðfærarleik til tónlistarskóla hefur komið í ljós að frávik sem nemur samtals 27.888 þkr. Vísað er í minnisblað SFS um greiðslur framlags úr jöfnunarsjóði til tónlistarskóla í Reykjavík vegna tónlistarnáms á efri stigum - framkvæmd og frávik síðastliðin fjögur ár dags. 05.09.2019.

## Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað SFS um greiðslur framlags úr jöfnunarsjóði til tónlistarskóla í Reykjavík vegna tónlistarnáms á efri stigum - framkvæmd og frávik síðastliðin fjögur ár dags. 05.09.2019.



Reykjavík, 5.9.2019

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

---

*Efni: Um greiðslur framlags úr Jöfnunarsjóði til tónlistarskóla í Reykjavík vegna tónlistarnáms á efri stigum – framkvæmd og frávik síðastliðin fjögur ár*

### I Almennt

Sveitarfélögum sem ekki reka sjálf tónlistarskóla ber samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs, vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms, að gera samninga við þá aðila sem fá fjármagn vegna verkefnisins úr sjóðnum. Gerðir eru árlegir samningar sem byggja á áætlun Jöfnunarsjóðs um framlag til sveitarfélagsins.

Alls var kennt á efri stigum tónlistarnáms í 11 tónlistarskólum í Reykjavík á nýliðnu skólaári. Það er þó í mjög mismiklum mæli. Fimm tónlistarskólar kenna um 83% af kennslumagninu í borginni á þessum námsstigum.

Samkvæmt samkomulagi, reglum og samningum ber Reykjavíkurborg að greiða framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms á grundvelli samnings hverju sinni og uppreikna framlög í samræmi við breytingar á þeim. Í undirbúningi eru samningar fyrir komandi skólaár, en samninga þarf að gera til eins árs í senn þar sem upphæðir og skipting þeirra liggja ekki fyrir til lengri tíma í einu.

Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla segir í viðbótarákvæðum:

Í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sem undirritað var 13. apríl 2016, greiðir ríkissjóður árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar, að meðtöldu álagi fyrir stjórnunarkostnað, langtímaforföll, hljóðfæragejald og tengdan kostnað, 520 millj. kr. alls. Frá og með árinu 2017 skal framlag ríkisins breytast árlega í samræmi við launaforsendur í kjarasamningum við aðildarfélög Bandalags íslenskra háskólamanna (BHM) og verðlagsforsendur fjárlaga í hlutföllum laun 85% og 15% önnur gjöld. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa breytist samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar.

Sveitarfélög tryggja að framlag skv. 1. mgr. renni til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu og sem uppfylla nánari skilyrði sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Sveitarfélög stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum.

Í samningum vegna náms á efri stigum tónlistarnáms við tónlistarskóla í Reykjavík segir:

**2. gr.**

**Fjárframlög**

- 2.1. Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms og er framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólans X kr. á samningstímanum 1. september 201X til 31. ágúst 201X.
- 2.2. Fjárframlög sem Reykjavíkurborg miðlar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru vegna nemenda, óháð lögheimili þeirra, sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfærleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.
- 2.3. Tónlistarskólinn nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum og tónlistarskólinn telur sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag. Árlegt framlag hækkar frá byrjun árs 2017 í samræmi við ákvæði 2. gr. samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016. Reykjavíkurborg tekur við hækkuðum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og reiknar upp framlög til tónlistarskólans.

Í reglum borgarinnar um þessa sömu samninga segir:

5.3 Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms: Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

5.4 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

## II Framkvæmd greiðslna – fyrirkomulag og frávik

Í minnisblöðum sem lögð hafa verið fyrir vegna samningagerðar um nám á efri stigum undanfarin ár hefur verið byggt á nýjustu upplýsingum frá Jöfnunarsjóði hverju sinni. Breytingar á framlögum og leiðréttingar eftir að samningar hafa verið gerðir hafa átt að koma til greiðslu þegar fjárheimild hefur legið fyrir á skóla- og frístundasviði.

Safnast hafa upp frávik milli fjárheimilda hjá SFS annars vegar og greiðslna Jöfnunarsjóðs inn í borgarsjóð fjögur undanfarin ár hins vegar. Taflan hér fyrir neðan sýnir þennan mismun á síðastliðnum fjórum árum.

	Gr. til tónlistarsk.	Gr. frá JS	Mismunur til útgr.
2015	341.233.832	345.713.195	4.479.363
2016	400.002.510	412.111.376	12.108.866
2017	270.439.835	275.258.222	4.818.387
2018	273.082.136	279.563.744	6.481.608
			<b>27.888.224</b>

Samningar við tónlistarskóla eru gerðir fyrir hvert skólaár og grundvallast á kennslumagni á efri stigum á nýliðnu skólaári. Fjárheimildir, framlög og svo uppgjör Jöfnunarsjóðs miðast ýmist við almanaksár eða skólaár og skapar það ákveðið flækjustig. Jöfnunarsjóður heldur eftir af heildarfjárhæð ákveðnum hluta til að mæta mögulegum kröfum vegna þátttöku í kostnaði vegna afleysinga í veikindum auk mögulegs grunnnáms tónlistarnemenda á framhaldsskólastigi utan eigin sveitarfélags. Þessi atriði og allar aðrar breytingar, s.s. síðbúnar uppfærslur á upphæðum vegna tengingar við kjarabreytingar, þarf að gera upp og greiða af Jöfnunarsjóði sem viðbótargreiðslur til sveitarfélaga. Þetta er í sumum tilfellum gert í lok árs sem gæti skýrt að hluta hvernig sumar þessara greiðslna og heimilda vegna þeirra hafa ekki komið til framkvæmda.

Nokkurn tíma hefur tekið að rýna forsendur málsins frá því að það var lagt fyrir embættismenn borgarinnar. Lagt er til að borgarráð samþykki fjárheimildir til að SFS geti greitt mismun til tónlistarskóla. Taflan hér fyrir neðan sýnir samantekt á því hvernig upphæðin skiptist milli tónlistarskólanna. Reiknað er upp hlutfall hvers tónlistarskóla í greiðslum Jöfnunarsjóðs á hverju ári sem um ræðir og síðan lagt saman.

Skipting uppgjors að teknu tilliti til kennslumagns 2015 til 2018		
Heildarskipting	Hlutfall	Tónlistarskóli
1.727.299	6%	Nýi tónlistarskólinn
3.193.548	11%	Tónlistarskólinn
3.695.738	13%	Tónsk. Sigursveins D. Kristinss.
8.239.109	30%	Söngskólinn í Reykjavík
1.173.529	4%	Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík
168.104	1%	Tónlistask. Eddu Borg
2.094.619	8%	Tónlistarskóli F.Í.H.
619.045	2%	Tónlistarsk. í Grafarvogi
339.060	1%	Tónl.sk. DO-RE-MI
3.341.188	12%	Siegfried ehf
1.582.707	6%	Söngskóli Sigurðar Dementz ses
18.881	0%	Allegro Suzukitónlistarskólinn
656.441	2%	Domus Vox ehf
409.532	1%	Píanóskóli Þorsteins Gauta (ViVo)
621.229	2%	Tónskóli Þjóðkirkjunnar
8.190	0%	Tónlistarskóli Árbæjar
<b>27.888.221</b>		<b>Samtals</b>

Hvað varðar þá upphæð sem kemur í hlut Tónlistarskólans í Reykjavík (nr.2 í listanum) þá er lagt til að sú upphæð, 3.193.548 kr. gangi til lækkunar á bókaðri skuld skólans við borgina vegna lána sem skólanum voru veitt þegar vanfjármögnun á efri stigum var að sliga skólann árið 2012.

Heildarfjárheimild til SFS vegna útgreiðslu mismunar verður þannig 24.694.673 kr.